

CUSRES D96A Dæmi 1 – Miðlari – úttekt úr tollvöruheymslu / frísvæði og gjaldfærslubeiðni á innflytjanda – **CUSGER**; tilkynning um að móttöku SMT-aðflutningsskýrslu sé hafnað og hún ekki lesin inn í Tollakerfi hjá tolli eða að SMT-aðflutningsskýrsla hafi verið lesin inn í Tollakerfi en SMT-tollafgreiðslu sé hafnað.

Dæmi:

1. UNB+UNOA:1+6501881019+5902697199+990216:1252+1232429+++++1'
2. UNH+99021612512120+CUSRES:D:96A:UN'
3. BGM+961+BSKY03029ISFRS0008/99S0052367+9'
4. NAD+IM+1411554079::ZZZ'
5. NAD+AE+5902697199::ZZZ'
6. LOC+41+REYTS::159'
7. DTM+137:19990216:102'
8. DTM+148:19990216:102'
9. GIS+23::159'
10. GIS+17::159'
11. FTX+AAP+++Umboðsm hefur ekki afg.heimild, ábending'
12. RFF+ERN:K12567'
13. UNT+12+99021612512120'
14. UNZ+1+1232429'

Skýringar við dæmi með vísan til númera á liðum í dæminu:

1. Upphaf EDI-skeytapakka.
Kennitala sendanda (6501881019). Hér er alltaf kt. ríkistollstjóra.
Kennitala móttakanda (5902697199), þ.e. þess aðila, innflytjanda eða miðlara, sem sendi SMT-aðflutningsskýrslu, CUSDEC skeyti, sem CUSGER skeytið á við.
Dagsetning og tími og síðan númer úr EDI-þýðanda (1232429), sem síðan er endurtekið í UNZ í lið 14.
Aftast er merking, sem gefur til kynna að um prófunarskeyti sé að ræða (+++++1). Notað meðan á prófunum stendur á skeytasendingum.
2. Upphaf EDI-skeytis. Númer eða tímastimpill úr EDI-þýðanda (99021612512120), sem síðan er endurtekið í UNT í lið 13. Síðan koma upplýsingar um útgáfu CUSRES staðals.
3. Kóðinn (961) merkir að hér sé um CUSGER skeyti að ræða í CUSRES staðlinum.
Sendingarnúmer vörusendingar, úttektar úr tollvöruheymslu / frísvæði, sbr. reitur 9 í aðflutningsskýrslu E1 (BSKY03029ISFRS0008).
Fyrir aftan skástrik er svonefnt geymslunúmer (99S0052367), sem er einkvæmt tilvísunarnúmer aðflutningsskýrslu í Tollakerfi per tollafgreiðslustað tollsins, sbr. kóða tollafgreiðslustaðar í lið 6. Alltaf 10 stafa númer. Geymslunúmer verður til í Tollakerfi um leið og aðflutningsskýrsla er samþykkt í kerfinu. S í geymslunúmeri merkir að vörusending sé SMT-tollafgreiðsla. Skástrik og geymslunúmer er ekki sent nema CUSGER skeyti sé sent eftir að SMT-aðflutningsskýrsla hefur verið móttækin í Tollakerfi og hún hafi verið samþykkt.

4. Kennitala innflytjanda (IM kódi), sbr. kt. innflytjanda í aðflutningsskýrslu.
5. Kennitala miðlara (AE kódi). Þessi liður er aðeins í CUSGER skeyti ef miðlari annast tollafgreiðslu vörusendingar fyrir innflytjanda. Allar aðflutningsskýrslur frá miðlurum innihalda bæði kt. innflytjanda og kt. miðlarans.
6. Kódi tollafgreiðslustaðar (REYTS) þar sem varan var tollafgreidd. Hver kódi stendur fyrir tiltekinn tollstjóra (tollumdæmi), þ.e. tollstjórann í Reykjavík eða viðkomandi sýslumann utan Reykjavíkur. Tollafgreiðslustaður getur einnig verið pósthús, sem hvert fyrir sig hafa sérstakan kóda. Meðan á EDI prófunum stendur er notaður kóðinn REYRS (Ríkistollstjóri) og PRVPS ef um póstsendingu er að ræða.
7. Dagsetning skeytis. Þessi liður er í öllum CUSRES-skeytum, svarskeytum tollsins.
8. Dagsetning þegar SMT-aðflutningsskýrsla er samþykkt og er tilbúin til afgreiðslu hjá tolli. Kóðinn í dæminu (148) er í CUSGER skeyti þegar skeytið er sent vegna SMT-aðflutningsskýrslu, sem unnt var að móttaka og lesa inn í Tollakerfi, en ekki er unnt að ljúka tollafgreiðslu ef ýmsum ástæðum þó skýrslan sé rétt og samþykkt. Þessar ástæður koma fram í CUSGER skeytinu. Ef kódi (141) er í þessum lið gefur dagsetningin til kynna hvaða dag var reynt að móttaka SMT-aðflutningsskýrslu og móttöku var hafnað, sem merkir að SMT-aðflutningsskýrsla er var ekki lesin inn í Tollakerfið.
9. Kóðinn 23 merkir innflutningur. Þessi liður er í öllum CUSRES-skeytum, svarskeytum tollsins, til þess að aðgreina svarskeyti vegna innflutnings frá svarskeytum vegna útflutnings; kódi 22.
10. Kóðinn (17) merkir að CUSGER skeytið sé sent vegna SMT-aðflutningsskýrslu, sem móttakin er í Tollakerfi hjá tolli, en ekki er unnt að ljúka tollafgreiðslu. Kódi (17) er notaður ef kódi (148) er notaður í lið 8.
Ef kódi (2) er í þessum lið gefur það til kynna að móttöku SMT-aðflutningsskýrslu, innlestri í Tollakerfi, hafi verið hafnað og þá er kódi (141) notaður í lið 8.
11. Hér kemur staðlaður texti úr Tollakerfi hjá tolli sem greinir frá ástæðu fyrir höfnun á móttöku SMT-aðflutningsskýrslu eða synjun á SMT-tollafgreiðslu.
12. Hér er “Tilvísunarnúmer SMT-leyfishafa” fyrir viðkomandi SMT-aðflutningsskýrslu. Þetta númer er sótt úr SMT-aðflutningsskýrslunni, CUSDEC skeyti, sem kom frá viðkomandi innflytjanda eða miðlara ef það var miðlari sem sendi SMT-aðflutningsskýrsluna. Þessi liður er í öllum CUSRES skeytum tollsins vegna SMT-tollafgreiðslu.
13. Lok EDI-skeytis. Fjöldi liða í skeyti (12) talið frá og með UNH til og með UNT. Síðan kemur númerið í UNH liðnum; lið 2.
14. Lok EDI-skeytapakka. Hér kemur fyrst númer (1), sem gefur til kynna fjölda EDI-skeyta í skeytapakka. Síðan kemur númerið sem er aftast í UNB liðnum; lið 1.